

Nr. 348

656

30. september 1985

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 4.5% frá 1. október 1985 að telja frá því sem þær voru í september 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1985.

Albert Guðmundsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

Nr. 349

REGLUR

3. september 1985

um greiðslu starfskostnaðar hreppstjóra.

1. gr.

Starfskostnaður hreppstjóra greiðist með launum mánaðarlega.

2. gr.

Til starfskostnaðar telst allur kostnaður er hreppstjóri þarf að leggja út vegna hreppstjórastarfsins, þar með talinn póst- og símakostnaður, skrifstofuaðstaða, er þeir leggja til og nauðsynlegur ferðakostnaður.

3. gr.

Starfskostnaður ákveðst 10% af greiddum launum.

Heimilt er þó að ákveða að starfskostnaður geti verið allt að 20% af greiddum launum hjá þeim hreppstjórum skylt er að hafa opna skrifstofu ákveðinn tíma í viku hverri eða af öðrum ástæðum hafa sérstaklega mikinn starfskostnað.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/1965, um hreppstjóra, sbr. lög nr. 13/1983.

Fjármálaráðuneytið 3. september 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.